

Vestfirðir

Snæfjallaströnd - Æðey - Drangajökull - Drangar - Furufjörður

Stærð: 884,5 km²

Sveitarfélag: Hólmavíkurr., Árneshr. og Ísafjarðarbær

Umdæmi: Sýslumaðurinn á Hólmavík og á Ísafirði

Náttúruminjaskrá: 323, 324, 325

Verndartillaga: Friðland

Tillaga: Náttúrufræðistofnun Íslands¹ og Umhverfisstofnun²

Mörk:

Frá Kaldá í Kaldalóni upp Skjaldfannarfjall, suður fyrir Drangajökul og með hæstu brúnum Skerjasandsfjalls til sjávar. Norðurmörk fylgja friðlandi á Hornströndum.



Mörk svæða eru sett fram með fyrirvara. Líta ber á þau sem hugmynd að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsinga.

Svæðislýsing:

Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, grónum dölum og hlíðum. Ýmsar berggerðir, jökull, jökulgarðar, surtarbrandur, leirur, óshólmur, fjörur, eyjar og grunnsævi. Drangaskörð, stórskorinn klettaraní með djúpum skörðum, mótaður af rofi jökla frá ísöld.

Fjölskrúðugur gróður og dýralíf. Sérstætt gróðurfar, margar sjaldgæfar plöntutegundir m.a. deilitegundin hrísastör og dvergtungljurt sem hafa alþjóðlegt verndargildi.

Æðey er alþjóðlega mikilvægt fuglaverndarsvæði og eru teista, æður, lundi og kría algengir varpfluglar. Í Æðey er eitt stærsta æðarvarp í landinu.

Í Reykjarfirði er jarðhiti sem nýttur er til upphitunar húsa í og sundlaug. Á Dröngum er einnig jarðhiti sem nýttur er í litla sundlaug.

Eignarhald:

Fjölmargir eigendur, einstaklingar og ríkið.

Núverandi landnotkun:

Landbúnaður, útivist.

Röskun, ógnir, úrbætur:

Minkur, jeppa- og snjósleðaferðir.

Athugasemdir:

Tillaga um að sameina landið Hornstrandafriðlandi og gera ráð fyrir svipaðri landnýtingu og nú er á svæðinu.

Forsendur fyrir verndun, viðföng og viðmið:

Stórbrotið landslag, mikið útivistargildi, menningarminjar³. Sérstakt gróðurfar, margar sjaldgæfar plöntutegundir. Æðey er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, þar er eitt stærsta æðavarp landsins.
Lykiltegundir: Plöntur: Raufarbikar, fjallbláklukka, flæðalófótur, hlíðaburkni, línarfi, mánajurt, dvergtungljurt, ferlaufungur, skollaber, skollakambur og hrísastör.
Fuglar: Æðarfugl og teista.

Almenn viðmið

	Jarðmyndanir	Vatnafar	Plöntur	Dýr (fuglar)	Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landslag	Víðerni	Menningar- og sögumínjar
Sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Fágætar náttúrumínjar	•		•	•		•		
Óvenju tegundarík svæði. Sérlega fjölbreyttar náttúrumínjar			•		•			
Viðhald sterkra stofna eða náttúrulegra þróunarferla. Samfelldar, heildstæðar eða óraskaðar náttúrumínjar	•		•	•	•	•	•	•
Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Alþjóðleg ábyrgð			•	•				
Vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi.	•		•	•				•
Einkennandi fyrir náttúruferfar viðkomandi landshluta.	•		•	•	•	•	•	•
Sjónrænt gildi	•					•		

Sérstök ákvæði sbr. 37. og 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd

Eldvörp, gervigígar, eldhraun		Stöðuvötn og tjarnir, ≥1000 m ²	•	Náttúrulegir birkiskógar
Fossar	•	Mýrar og flóar, ≥ 3 ha	•	Skógar til útivistar
Hverir og heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður	•	Sjávarfitjar og leirur	•	

Fuglar:	Tegund	Fjöldi fugla	% af ísl. stofni	% af evr. stofni	Ábyrgðar-tegund	Válisti	SPEC	Bernar-viðauki	Ályktun um búsvæðavernd
	Teista ^{4,5} (Æðey)	500-600 pör	-	-	•		2	III	
	Æðarfugl ^{4,5} (Æðey)	10.000 pör	-	-	•			III	
	Lundi ^{4,5} (Æðey)	-	-	-	•		2	III	
	Kría ^{4,5} (Æðey)	-	-	-	•			III	

Plöntur:	Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengni	Válisti ⁶	Bernar-viðauki	Forsenda verndar
	Raufarbikar	<i>Cladonia sulphurina</i>	Flétta	Mjög sjaldgæf	EN		Annar af tveimur fundarst.
	Fjallabláklukka	<i>Campanula uniflora</i>	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla			Einn af nokkrum fundarst.
	Flæðalófótur	<i>Hippuris tetraphylla</i>	Háplanta	Sjaldgæf	VU		Einn af sjö fundarstöðum
	Hlíðaburkni	<i>Cryptogramma crispa</i>	Háplanta	Mjög sjaldgæf	EN		Annar af tveimur fundarst.
	Línarfi	<i>Stellaria borealis</i>	Háplanta	Sjaldgæf	LR		Fjórir af 12 fundarstöðum
	Mánajurt	<i>Botrychium boreale</i>	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla			Þrjár af 14 fundarstöðum
	Dvergtungljurt	<i>Botrychium simplex</i>	Háplanta	Sjaldgæf	DD	I	Einn af örfáum fundarst.
	Ferlaufungur	<i>Paris quadrifolia</i>	Háplanta	Sjaldgæf	LR		Einn af allmörgum fundarst.
	Skollaber	<i>Cornus suecica</i>	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla			Einn af allmörgum fundarst.
	Skollakambur	<i>Blechnum spicant</i>	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla			Einn af allmörgum fundarst.
	Hrísastör	<i>Carex buxbaumii</i>	Háplanta	Sjaldgæf	VU		Einn af nokkrum fundarst.
Athugasemdir:	Hlíðaburkni, línarfi, dvergtungljurt og ferlaufungur eru friðlýstar plöntutegundir sbr. auglýsingu nr. 184/1978.						
	Aðrar sjaldgæfar tegundir eru lensutungljurt <i>Botrychium lanceolatum</i> , þúsundblaðarós, dúnhulstrastör <i>Carex pilulifera</i> , sóldögg, díflaburkni, stóriburkni, skrautpunktur <i>Milium effusum</i> , gráurt <i>Omalotheca sylvatica</i> og broddkrækill <i>Sagina subulata</i> . Dvergtungljurt og hrísastör eru sérstakar deilitegundir.						

Jarðfræði: Drangajökull, ört hörfandi jökull þar sem sjá má ummerki jökulhörfunar. Fjölbreyttar ísaldarminjar. Hverir og laugar eru t.d. í Reykjafirði, Bjarnardal, Unaðsdal og Æðey. Súrt berg er í Kaldalóni. Norðan megin eru glögg ummerki hárrar sjávarstöðu í lok ísaldar. Súrt berg frá megineldstöð sem var virk fyrir u.þ.b. 12-14 milljónum ára er einnig í Snæfjalli og norðanverðu Leirufjalli.

Svæðið er á eftirfarandi listum: Important Bird Areas in Europe (svæði nr. 004)⁵; Vatnavernd Náttúruverndarráðs (svæði A-11)⁷.

Heimildir:

- Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson. 2002.
- Náttúruverndarráð. 1996a.
- Ágúst Ó. Georgsson. 1990.
- Ævar Petersen munnlegar heimildir.
- Ólafur Einarsson. 2000.
- Náttúrufræðistofnun Íslands. 1996.
- Arnþór Garðarsson. 1978b.